

Ed.

62. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 32 8. sept. 1931, um búfjárrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

11. gr. laga nr. 32 8. sept. 1931 orðist svo:

Tilgangur nautgriparæktarféлага, sem um ræðir í 10. gr., skal vera að bæta kúakynið.

Samþykktir hvers félags skal gera eftir fyrirmynd, sem Búnaðarfélag Íslands semur, og skulu þær samþykktar af því.

Þegar félag hefir fengið samþykktir sínar viðurkenndar af Búnaðarfélagi Íslands, getur það árlega fengið styrk til starfsemi sinnar, og skal hann vera sem hér segir:

1. 1 kr. á reiknaða árskú, séu ekki gerðar fitumælingar, eða þær gerðar sjaldnar en þrisvar sinnum á ári.
2. 1,80 kr. á reiknaða árskú, sé fitumagn mjólkurinnar úr hverri fullmjólka kú rannsókuð minnst þrisvar á ári hverju.
3. 2,50 kr. á reiknaða árskú, sé fitumagn mjólkurinnar úr hverri fullmjólka kú rannsakað minnst sex sinnum á ári hverju.

Styrkurinn borgist eftir á, þegar félagið hefir sent Búnaðarfélagi Íslands skýrslur, er sýni fóðureyðslu fyrir hverja einstaka kú og ársnyt hennar, byggða á viku- legum athugunum og í því formi, er Búnaðarfélag Íslands krefst og nánar skal tekið fram í reglugerð.

2. gr.

d.-liður 43. gr. laganna orðist svo:

Hve margt kynbótafé hver félagsmaður hafi, og má samanlögð ærtala félagsins ekki vera lægri en 50 og enginn einn maður eiga meira en helming af kynbótafé þess.

3. gr.

45. gr. laganna orðist svo:

Auk þess getur landbúnaðarráðherra styrkt 8 sauðfjárræktarbú, tvö í hverjum fjórðungi, eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, með allt að 600 kr. hvert, þó ekki yfir $\frac{2}{2}$ á móti viðkomandi búnaðarsambandi eða annarstaðar að. Auk þessa leggur ríkissjóður allt að 2000 kr. fram á ári hverju til verðlauna búunum, eftir því sem nánar verður mælt fyrir í starfsreglum þeirra, er viðurkenndar skulu af Búnaðarfélagi Íslands og staðfestar af landbúnaðarráðherra.

Fjárræktarbú þessi skulu uppfylla öll þau skilyrði, er um ræðir í a.—c.-liðum 43. gr., og önnur ákvæði, sem sett kunna að verða.

Ef styrkþegi hættir að reka búíð, hefir Búnaðarfélag Íslands rétt til að ráðstafa kynbótafénu og, í samráði við aðra, er styrkt hafa búíð, að ákveða, hvar búíð starfar áfram. Borga skal búsféð með matsverði óvilhallra dómkvaddra manna.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1940.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk nýafstaðins búnaðarþings, og verður nánari grein gerð fyrir því í framsögu.